



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.09.2016
Málalýkill	110
Mál nr.	1609029

Garðabær 31. ágúst 2016

B/T. Bæjarráð.

Efni: Kjóavellir: Fegrun umhverfis.

Það ríkir mikill áhugi og metnaður meðal félagsmanna í Spretti að byggja upp fallegt og skjólgott útivistarsvæði á Kjóavöllum. Félagið vill því bjóða fram aðstoð sína til fegrunar félagssvæðisins með ósk um að komu sveitarfélagsins til verkefnisins. Um er að ræða gróðurátak í formi plantna, jarðvinnu o.fl.

Samkvæmt gildandi samningi milli Hestamannafélagsins Sprets og sveitafélaganna um uppbyggingu á svæðinu er hvergi minnst á trjágróður og fegrun umhverfis. Við í stjórn Sprets lítum á að þetta sem aðskilið verkefni og því er það ósk okkar að fegrun umhverfis skerði ekki aðkomu sveitafélaganna til hestatengdrar starfsemi, t.d vegna mannvirkja, reiðvalla og reiðstíga.

Verkefni sem Sprettur vill að ráðist verði í sem fyrst til fegrunar svæðisins;

1. Hönnun og skipulag svæðisins, eftirlit og umsjón með framkvæmdum.
2. Gróðursetning trjáa. T.d. aspir með Vatnsendaveg og Markarvegi (frá hringtorgi við Vatnsendaveg), beggja vegna. Að Markarvegi að Þingmannaleið.
3. Lagfæringar innan svæðis (næst hesthúsabyggð)
4. Malbikun við Reiðhöll og frágangur gatna við húsagötur.
5. Göngustígar lagðir með Markarvegi (talsvert umferð gangandi fólks á reiðstígum)
6. Hægja á umferð um Markarveg og stöðva aðgengi frá Kórnum í gegnum bílastæði.
7. Afmarka kerrustæði (hestakerrur, tjaldvagnar o.fl)

Sprettur getur útvegað talsvert magn sígrænna trjáa og gróðurs, m.a. úr lóð við Útvarpshúsið (sept.- okt. nóv. 2016) og Urriðarholti í eigu Oddfellow sem hægt er að nota, t.d. umhverfis keppnisvelli og svæði næst Heiðmörk. Verðmæti þessara trjáa er umtalsvert. Um er að ræða grenitré, furu og fleira sem væri framlag Sprets til verkefnisins ásamt vinnuframlagi. Verðmæti

Óskað er eftir fjárveitingu vegna eftirlits og umsjónar, jarðvinnu, flutninga, nýs gróðurs, frágangi gatna við húsagötur og vegna afmörkunar á kerrustæðum svo eitthvað sé nefnt.

Með sameigilegu átaki félagsmanna í Spretti, sveitarfélaganna Garðabæ og Kópavogs viljum við gera Kjóavellina að enn fállegra útivistar svæði sem mun skila betra og fegurra mannlífi og umhverfi er fram líða stundir.

F.h. Stjórn Hestamannafélagsins Sprets

Sveinbjörn Pálsson
Árnir Þorvaldur